




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Grandaborg 2024 – 2025

Leikskólinn Grandaborg



Vinátta – Virðing - Samkennd

### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra.....	2
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023 – 2024 .....	3
2.1	Umbótaáætlun leikskólans .....	3
2.2	Umbótaáætlun sérkennslu .....	3
2.3	Umbótaáætlun fjöltyngi.....	4
3	Skólaárið 2024 – 2025 .....	4
4	Umsögn frá foreldrum .....	5

## *Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd – Virðing*

### **1 Greinargerð leikskólastjóra**

Starfsemi Grandaborgar var með sérstökum hætti þetta skólár, eins og það síðasta. Sérstaklega vegna þess að barnahópurinn minnkaði til muna. Kom það til meðal annars vegna þeirra aðstöðu sem skólinn var í, það er að segja ekkert húsnæði var í boði sem gat hýst allan barnahópinn, sem var til staðar eftir skólárið 2022-2023. Engar framkvæmdir áttu sér stað í húsnæði skólans við Boðagranda 9, sem búið var að lýsa óhæft til notkunar eftir að vandamálið sem upp kom á árinu 2022, sem endaði með lokun húsnæðis í október 2022. Við misstum húsnæði á lóð Ævintýraborgar við Eggertsgötu, en þar voru elstu börnin til húsa og fluttist árgangur 2018 í Gullborg ásamt þeim kennurum sem tilheyrðu elstu deild auk matráðar Grandaborgar. Nokkuð var um að starfsfólk skipti um vettvang, fóru í nám eða til starfa á öðrum skólastigum og hafði það engin áhrif.

Skólastjóri Grandaborgar, sem hafði verið í veikindaleyfi frá áramótum, kom aftur til starfa 1.september.

Barnahópurinn skólaárið 2023-2024 samanstóð af 16 börnum og voru einungis þrjú börn innrituð í húsnæði sem við höfðum aðgang að, á lóð Hagaborgar. Til að fylla í það rými var ákvörðun tekin á vordögum að ein deild af Hagaborg, Drekaland, myndi flytjast yfir í húsnæðið og hófst þar með samvinna tveggja leikskóla. Samstarfið gekk mjög vel og var kennarahópurinn sammála að halda áfram því starfi sem hafði verið frá því að Grandaborg flutti inn í desember 2022.

Vegna þess hversu vel Grandaborg var mönnum þetta skólaár þá var hægt að vinna betur með hverju barni fyrir sig. Finna styrkleika og veikleika hjá hverju og einu barni, þannig að hægt væri að grípa inn í og efla hjá einstaklingnum og hópnum þeim til góðs. Sannaðist það sem við höfðum upplifað í Covid skipulagi, að fámennur barnahópur var að njóta sína betur og styrkur þeirra varð meiri þegar félagslegi þátturinn var skoðaður. Betri yfirsýn hjá starfsmannahópnum gerði það að verkum að ekkert barn sat eftir.

Líðan í starfsmannahópnum var með góðu móti í upphafi skólaársins en ákvörðun um að loka Grandaborg tímabundið setti marga í ákveðna óvissu. Hvað yrði um starfsemi Grandaborgar? Væri hægt að halda áfram með það starf sem hefur verið þegar aðrir yfirstjórnendur tækju við? Hvernig verður framtíð Grandaborgar? Styrkur hópsins var að hjálpa mörgum og ræddi hann saman hvernig þeir sæju framtíðina fyrir sér. Niðurstaða úr þeim samtölum var meðal annars að hver og einn myndi hugsa um sig og sýna líðan og það yrði í forgrunni þess sem tæki við.

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023 – 2024

### 2.1 Umbótaáætlun leikskólans

Starf vetrarins einkenndist af flæði í leik og vinnu við Erasmusverkefni sem Grandaborg var þátttakandi að, ásamt þremur öðrum skólum á Íslandi og fjórum skólum í Stokkhólmi. Erasmusverkefnið var fyrri umbótaþáttur leikskólans. Yfirskrift verkefnisins var „félagsleg sjálfbærni“ með áherslu á frjálsan leik og áhrif barna á hann. Unnið var með bók allan veturinn og var það bók sem var valin í samstarfi skóla í sitthvoru landinu. Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að virkja börnin í flæði í frjálsum leik og efla hjá þeim félagsfærni og að þátttaka þeirra í leiknum væri á þeirra forsendum. Einnig var markmiðið að þátttaka kennara í leik barna yrði áberandi og eðlileg. Skráningar á framvindu barnanna átti að skoða reglulega en einnig var framgangur verkefnisins rætt á deildarstjóra- og starfsmannafundum.

Helstu niðurstöður verkefnisins er að virkni barna í frjálsum leik var mikil en oft rótlaus. Þeim gekk mis vel að yfirfæra vinnu við verkefnið yfir í annars konar leik. Hlutverk kennara í frjálsa leiknum var ekki nægileg þar sem aðrir en umsjónamenn verkefnisins sýndu lítið sem ekkert frumkvæði. Virkni kennara í leik barna var mismunandi. Ber það helst að segja að sumir sitja með börnunum og láta þau afskipt þegar aðrir gripu tækifærið og urðu þátttakendur ef og þegar börnin vildu. Markmiðið var að vera til staðar í leiknum á forsendum barnanna en hlutverk kennara var þó að sýna börnum áhuga og þeim verkefnum sem þau völdu sér.

Gagnkvæmar heimsóknir voru í vetur á milli þátttakenda í verkefninu. Tveir kennarar frá leikskólanum Gambrinus, í Kongsholmen kommunu í Stokkhólmi, komu til okkar í október 2023 og fóru tveir kennarar auk skólastjóra í heimsókn í apríl 2024 til Stokkhólms. Heimsóknirnar stóðu yfir í fjóra daga þar sem kennarar voru í leikskólum sem þátttakendur í daglegu starfi auk þess að funda ýmist einir eða með kennurum viðkomandi skóla. Skólastjórar heimsóttu skóla auk þess að funda með yfirmönnum skólamála sem fóru með yfirstjórn þeirra skóla, sem voru þátttakendur í verkefninu. Mikil ígrundun átti sér stað í þessum heimsóknum og mikil upplifun sem skilað sér sannarlega inn í starfsemi okkar.

Varðandi seinni hluta umbótaáætlunar leikskólans, sem snéri að mannauð og leikskólabrag þá gekk vel að viðhalda þeim jákvæða anda sem hafði ætíð einkennt starfsmannahóp Grandaborgar. Hópurinn styrktist í mótlætinu og var mikill stuðningur innan hans og sérstaklega þegar leið á skólaárið og fyrirséð var hvert framhaldið yrði.

### 2.2 Umbótaáætlun sérkennslu

Umbótaáætlun sérkennslu var tvíþætt. Annars vegar EFI-athugunarlisti og hins vegar Lubbastundir.

EFI var lagt fyrir þann hóp sem athugunarlistinn féll undir og niðurstöður voru notaðar til að styrkja þá einstaklinga sem þess þurftu. Viðmið og árangur stóðst.

Lubbastundir, sem hafa það markmið að efla hljóðkerfisvitund hjá börnum, tóku breytingum yfir skólaárið. Hópum var ýmist fjölgað eða fækkað því markmið var að allir einstaklingar myndu njóta sín og fá það sem þeir þurftu út úr þessum stundum. Viðmið og árangur stóðst

þar sem miðaða við aldur var hópurinn farinn að þekkja bókstafi og hvaða hljóð þeir standa fyrir.

### 2.3 Umbótaáætlun fjöltyngi

Umbótaáætlun fjöltyngi var í höndum aðstoðarskólalæra sem var einnig tengiliður fjölmanningar.

Markmið fjöltyngi var að auka færni barna með annað heimamál en íslensku og virkja þau í tjáningu. Allir kennarar höfðu það að markmið að efla hjá þessum hópi barna tjáningu á íslensku en auk þess fengu þessi börn sérstaka stund eftir hádegismat. Niðurstaðan gekk vonum framar þar sem tjáning barnanna jókst til muna auk þess sem orðaforði þeirra jókst einnig. Samhliða vinnu með tjáningu og orðaforða var lagt upp með að kynna fyrir börnunum íslensku máhljóðin í gegnum Lubbastund og var niðurstaðan eftir veturinn að þau stóðu íslenskum börnum ekki að baki hvað íslensk máhljóð varðar.

## 3 Skólaárið 2024 – 2025

Hjá Skóla- og frístundsviði var tekin ákvörðun á vordögum að loka Grandaborg tímabundið í eitt ár, þar sem ekki þykir grundvöllur að halda úti starfsemi með barnahóp sem nær ekki einni deild. Kostnaður er talinn vera of mikill varðandi reksturinn, sem gæti farið í annað og þar á meðal til að nýta mannauð starfsmanna á öðrum starfsstöðum. Starfsmannahópnum var tilkynnt þessi breyting á fundi í mars 2024 og endanlega ákveðið fyrir „Stóru innritunina“ í byrjun apríl.

Þar sem Grandaborg verður ekki starfrækt komandi skólaár þá var ekki lagt upp með umbótaáætlun í þessari starfsáætlun. Ekki verður heldur farið í vinnu við nýja námskrá, eins og SFS hefur lagt upp með, þar sem ekki er vitað með vissu hvenær starfsemi Grandaborgar mun hefjast aftur.

Gert er ráð fyrir að lokun Grandaborgar verði frá 1.september 2024 – 1.september 2025. Meðan á lokun stendur munu börn sem eftir verða í Grandaborg flytjast yfir í Hagaborg eða fara í aðra skóla þar sem foreldrar óskuðu þess.

Starfsmannahópnum, fyrir utan skólalæra, hefur einnig verið boðið að flytjast yfir í Hagaborg og vera hluti af starfsmannahópnum þar. Starfsmannahópnum var boðið í einstaklingssamtal með fagstjóra leikskóla í Vestur. Illa gekk að finna tíma til allra samtala vegna annan, bæði hjá fagstjóra en einnig í starfsmannahópnum.

Skólalæri fór í samtál þar sem ýmiss konar útfærslur á verkefnum sem honum myndi bjóðast að taka að sér meðan lokun Grandaborgar stendur varir. Hann yrði þó ekki hluti af þeim starfsmannahópi sem eftir yrði í Hagaborg.

Tekið skal fram að ekki voru þessar breytingar að falla í góðan jarðveg innan hópsins, þar sem fyrirséð var að kennarahópurinn í Grandaborg myndi ekki vera allur saman, auk þess sem hann myndi ekki geta verið fullkominn þátttakandi í starfsemi Hagaborgar. Kemur það til vegna þess að mikils háttar framkvæmdir standa til í Hagaborg á næstu árum meðal annars vegna myglu í húsnæði. Í starfsmannahópi Grandaborgar eru einstaklingar sem eru viðkvæmir fyrir myglu og þeir eru ekki tilbúnir að leggja heilsu sína að veði til að vera í fullri

samvinnu. Vitað er að kennarahópurinn mun skoða það sem er í boði og endanleg ákvörðun hvað hann ætlar að gera liggur ekki fyrir þegar þessi skrif eiga sér stað.

#### 4 Umsögn frá foreldrum

Skólaárið hefur gengið vel á Grandaborg og vel haldið utan um börnin í þeim aðstæðum sem starfsfólk skólans hefur þurft að standa frammi fyrir, sem oftast en ekki virðast hafa einkennst af óvissu um áframhaldandi starf og hvernig því verður háttað. Sem fyrr er ljóst að samstaða og starfsandi á Grandaborg er afar góður og virkilega gott að sjá hvernig starfsmannahópurinn hefur lagt sig fram og unnið markvisst að því að aðlagast breyttum aðstæðum.

Eitt af því sem hefur einkennt starfið síðasta skólaár er eftir sem áður góð upplýsingagjöf til foreldra. Það er mikils virði að vera upplýstur um hvaðeina sem kann að koma upp í dvöl barnsins yfir daginn, sama hversu léttvægt það kann að hljóma, því það skiptir miklu máli að vita af því sem á daga þeirra drífur, þó ekki væri nema til að geta „gripið boltann“ heima fyrir í samtölum. Þessu hlutverki sinnir starfsfólk Grandaborgar, öll sem eitt, afar vel. Upplýsingagjöf stjórnenda hefur að sama skapi verið góð í ljósi þess að eflaust hafa þeir ekki fengið miklar upplýsingar um tilhögun áframhaldandi starfs löngu áður en þeir miðla því til foreldra.

Að sama hátt er gott að finna að starfsfólki og stjórnendum hefur tekist að skapa stemningu sem alla jafna er róleg og yfirveguð í húsinu á Hagaborg, jafnvel í lok dags þegar allir eru orðnir lúnir. Annað sem skiptir miklu máli og starfsfólkið stendur sig vel í er að tekið er mjög hlýlega á móti börnunum á morgnana þegar þau mæta. Vinnan í tengslum við Töfraskóginn og útinámið hefur skilað sér heim sem og þekkingin á stöfum og hljóðum í gegnum Lubbastundina en nálgunin þar er greinilega til þess fallin að kveikja áhuga barnanna.

Það er eftirsjá sem fylgir því að hafa ekki barnið sitt á Grandaborg lengur og því er það einlæg ósk að skóla-og frístundasvið haldi sérstaklega vel utan um það starfsfólk og stjórnendur sem hafa tilheyrt Grandaborg svo þau geti haldið áfram að gegna sínu starfi, og líði vel með það, í þennan tíma áður en starfsemi eiginlegs Grandaborgarleikskóla hefst að nýju.

Atli Ragnar Ólafsson  
Sólveig Jónsdóttir  
Ólafur Sigurðsson  
Dana Margrét Gústafsdóttir